Stjórnarfundur FebSel haldinn 15.okt. 2026 að Skólabraut 5

Kl. 16.30- 18.00

Fundinn sátu Sigríður Ólafsdóttir form., Sigurður Hannesson, Stefán Bergmann, Anna Kristín Kristinsdóttir, og Guðríður Þorsteinsdóttir. Aðalbjörg og Margrét boðuðu forföll.

1. Um húsnæðismál aldraðra. Gestur fundarins var Guðrún Karlsdóttir forstöðukona félagsstarfs aldraðra. Guðrún segir frá félagsstarfinu og aðstæðum á Skólabrautinni, að íbúðirnar 35 eru nú fullsettar, en félagsaðstöðu og loftræstingu þurfi að bæta í almennu rými og bíður hún viðbragða bæjarins við ábendingum sínum. Umræða snérist m.a. um hugsanlegan stuðning FelSel við kaup á tveimur æfingahjólum á Skólabrautina og mikilvægi þess að Öldungaráðið, skipað fulltrúm FebSel og bæjarstjórnar taki málið upp. Samþykkt að fylgja því eftir.

2. Öldungaráðið. Tímabært talið að það haldi fyrsta fund eftir kosningar. Fulltrúar FebSel eru Sigríður Ólafsdóttir, Anna Kristín Kristinsdóttir og Aðalbjörg Finnbogadóttir.

3. Umræða um útibekki. FebSel vill stuðla að fjölgun útibekkja í bænum. Fram kom hugmynd um að kanna möguleika á samstarfi við aðra um t.d. 4 útibekki, sem yrðu sérstaklega útbúnir og merktir.

4. Félagskortum FebSel fyrir 2026 hefur verið dreift til félagsfólks.

5. Ársatburður. Rædd var hugmynd um að FebSel haldi sérstakan atburð einu sinni á ári á nýjum stað t.d. Rauða ljóninu í janúar eða febrúar. Tekið var jákvætt í hugmyndina til fekari skoðunar.

6. Netvís. Fram kom að verkefnið Netvís um stöðu eldri borgara er komið á lokastig. Rætt um hugsanlegan fyrirlestur um þetta framtak og niðurstöður þess. Til skoðunar.

7. Stjórnarfundur. Stefnt er að næsta stjórnarfundi 24.nóv. kl. 16.30

Fleira ekki gert. SB skráði